

Frumvarp til laga

um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og leggja til þess allar eignir þeirra og skuldir, réttindi og skuldbindingar.

Iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra.

2. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um hið nýja félag að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg kveðið í lögum þessum.

3. gr.

Við stofnun skulu öll hlutabréf í hlutafélaginu vera eign ríkissjóðs.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu.

4. gr.

Tilgangur hlutafélagsins skal vera að framleiða, flytja, dreifa og selja raforku og varmaorku, hvort heldur er í heildsölu eða smásölu, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins.

Hlutafélaginu skal heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til þess að ná tilgangi sínum skv. 1. mgr. á sem hagkvæmastan hátt. Þá skal félaginu heimilt að standa að stofnun fyrirtækja og gerast eignaraðili að öðrum félögum.

Tilgangi og verkefnum hlutafélagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

5. gr.

Hlutafélagið tekur við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins til starfrækslu hita- og/eda rafveitu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna.

Í samræmi við 1. gr. yfirtekur hlutafélagið allar virkjanir Rafmagnsveitna ríkisins og þau réttindi og skyldur sem Rafmagnsveiturnar hafa samkvæmt lögum eða stjórnvaldsákvörðunum vegna virkjunarframkvæmda og reksturs virkjana.

6. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemis sjónarmiða.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingarblaði.

7. gr.

Halda skal ársfund á vegum hlutafélagsins fyrir júnílok ár hvert. Rétt til setu á ársfundinum hafa eftirtaldir aðilar:

1. Stjórn hlutafélagsins.
2. Aðrir fulltrúar hlutafélagsins valdir af forstjóra þess.
3. Tveir fulltrúar tilnefndir af iðnaðarráðherra.
4. Einn fulltrúi tilnefndur að fjármálaráðherra.
5. Einn fulltrúi frá hverri héraðsnefnd á orkuveitusvæði hlutafélagsins.
6. Einn fulltrúi frá hverri bæjarstjórn þeirra kaupstaða á orkuveitusvæði hlutafélagsins sem ekki eru aðilar að héraðsnefndum.
7. Einn fulltrúi frá hverri almenningsveitu sem kaupir orku af hlutafélaginu.
8. Aðrir gestir valdir sem stjórn félagsins býður til fundarins.

Á fundinum skal kynna í meginatriðum þjónustu félagsins við orkukaupendur, markaðsmál og önnur mál sem varða samskipti þess og orkukaupenda, og ræða þau atriði.

8. gr.

Hlutafélagið er undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

9. gr.

Við niðurlagningu Rafmagnsveitna ríkisins, sbr. 13. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, eftir því sem við á.

Fastráðinn starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu sem lög nr. 1/1997 greinir, en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu.

10. gr.

Stofna skal hlutafélagið á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. september 2002.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku þess á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins greiðist af hlutafélaginu.

Iðnaðarráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna, þar sem sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi, til að meta eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins og leggja mat á hvert hlutafé hlutafélagsins skuli vera. Nefndin skal hafa fullan aðgang að öllum gögnum Rafmagnsveitna ríkisins og skulu stjórnendur og starfsmenn hennar veita nefndinni þá aðstoð er hún óskar. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en í ágúst 2002.

11. gr.

Hlutfélagið skal taka til starfa eigi síðar en 1. janúar 2003 og yfirtaka allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins skulu lagðar niður frá og með þeim degi og fellur þá jafnframt niður umboð stjórnar fyrirtækisins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. IX. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Rafmagnsveitur ríkisins, fellur úr gildi þegar hlutfélagið tekur til starfa, sbr. ákvæði 11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á stofnfundi skal kjósa stjórn félagsins og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið hefur tekið til starfa. Hlutverk stjórnar fram að yfirtöku er að undirbúa yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, en eftir það að stjórna félaginu í samræmi við ákvæði laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rafmagnsveitur ríkisins voru stofnaðar með raforkulögum 2. apríl 1946, en lög in komu til framkvæmda frá og með 1. janúar 1947. Þá voru felld úr gildi flest eldri lög um raforkumál nema vatnalögin frá 1923 sem fengu að standa óbreytt að mestu leyti. Rafmagnsveitur ríkisins tóku til starfa 1. janúar 1947.

Árið 1965 urðu þáttaskil í sögu orkumála landsins og Rafmagnsveitnanna með setningu laga um Landsvirkjun. Á árinu 1967 voru síðan raforkulögin endurskoðuð við samþykkt orkulaga á Alþingi. Með þeim voru gerðar ýmsar meiri háttar breytingar á stórum þáttum í raforkulögunum, sérstaklega þeim sem tengdust rannsóknum, framkvæmdum í virkjunarmálum og hagnýtingu jarðhita. Með orkulögunum var einnig gerð sú breyting að Rafmagnsveitur ríkisins og Héraðsrafmagnsveiturnar voru sameinaðar í eitt fyrirtæki. Það var gert að sjálfstæðu fyrirtæki sem heyrði undir stjórn þess ráðherra sem færir með raforkumál.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins skiptist nú í fimm rekstrarsvæði. Þau afmarkast að mestu af gömlu kjördæmamörkunum. Umdæmisskrifstofur eru í Stykkishólmi fyrir Vesturland, á Blönduósi fyrir Norðurland vestra, Akureyri fyrir Norðurland eystra, á Egilsstöðum fyrir Austurland og á Hvolsvelli fyrir Suðurland, en aðalskrifstofa Rafmagnsveitnanna er í Reykjavík. Á árinu 1978 tók Orkubú Vestfjarða við rekstri Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum og árið 1985 tók Hitaveita Suðurnesja við rekstri Rafmagnsveitnanna á Reykjanesi.

Á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins búa um 48.000 manns sem njóta þjónustu fyrirtækisins. Að auki selja Rafmagnsveiturnar raforku í heildsölu, þar á meðal til sex rafveitna í eigu sveitarfélaga.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka háspennukerfi sem er um 8.500 km að lengd. Hér er um að ræða rúmlega 6.500 km af dreifilínunum á 11 og 19 kV sem byggðar hafa verið upp í sveitum landsins, ásamt um 700 km af 11 og 19 kV jarðstrengjum til sveita. Einnig er um að ræða stofnlínur á 33, 66 og 132 kV, svo og sæstrengi og jarðstrengi. Enn fremur eiga og reka Rafmagnsveiturnar dreifikerfi í um 50 þéttbýlisstöðum og um 60 aðveitustöðvar. Stofnlínukerfi og dreifikerfi í þéttbýli hafa hins vegar verið fjármöggnuð að mestu af rekstrartekjum fyrirtækisins sjálfs.

Rafmagnsveiturnar eiga níu vatnsaflsvirkjanir í rekstri, flestar fremur litlar. Þær eru samtals um 19 MW og er Lagarfossvirkjun þeirra stærst, um 7,5 MW, en Skeiðsfossvirkjun næststærst, um 5 MW.

Þá eiga Rafmagnsveiturnar um 30 dísilaflostöðvar með samtals um 40 MW afli auk tveggja kyndistöðva þar sem framleitt er heitt vatn með rafskautskötlum og 5 MW varaafli er til staðar.

Raforkuöflun fer fram með tvennum hætti, annars vegar með orkukaupum af Landsvirkjun og nokkrum smærri aðilum og hins vegar með eigin framleiðslu í vatnsaflsvirkjunum og varmaafli- og kyndistöðvum. Eigin raforkuframleiðsla er um 14% af allri raforkuöflun.

Á árunum 1972–1984 byggðu Rafmagnsveiturnar 132 kV byggðalínur, samtals 1.057 km að lengd, ásamt tólf aðveitustöðvum. Með byggðalínukerfinu voru öll raforkuveitusvæði landsins tengd saman í eitt landskerfi sem aukið hefur öryggi raforkunotenda landsbyggðarinnar verulega. Þrátt fyrir að Landsvirkjun hafi yfirtekið byggðalínukerfið til eignar og reksturs frá 1. janúar 1983 hafa Rafmagnsveiturnar séð um rekstur og viðhald þess að hluta til.

Á undanförunum árum hafa Rafmagnsveiturnar keypt nokkrar orkuveitur, sem voru í eigu viðkomandi sveitarfélaga. Þær eru eftirfarandi:

1991	Hitaveita Hafnar í Hornafirði
1991	Rafveita og Hitaveita Siglufjarðar ásamt Skeiðsfossvirkjun
1992	Hitaveita Seyðisfjarðar
1995	Rafveita Borgarness
2000	Rafveita Hveragerðis

Reynslan hefur þegar leitt í ljós að fjárfestingar þessar hafa ekki eingöngu verið arðbærar Rafmagnsveitunum heldur einnig þeim sveitarfélögum sem hlut áttu að máli.

Árið 1999 stofnuðu Rafmagnsveiturnar hlutafélagið Héraðsvötn ehf. ásamt heimamönnum í Skagafirði í þeim tilgangi að standa að virkjun Héraðsvatna við Villinganes. Þetta var unnt eftir að Alþingi samþykkti á vorþingi 1999 að heimila Rafmagnsveitunum að gerast aðilar að hlutafélögum í orkurekstri og eiga þær 75% hlutafjár í Héraðsvötnum ehf.

Þá stofnuðu Rafmagnsveiturnar einnig á sama ári hlutafélagið Sunnlenska orku ehf. ásamt Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi í þeim tilgangi að standa að virkjun jarðhita í og við Grændal. Eignarhluti RARIK er 90%.

Starfsmenn Rafmagnsveitnanna voru 217 talsins í lok ársins 2000. Iðnaðarráðherra skipar sjö manna stjórn Rafmagnsveitnanna. Heildarorkusala Rafmagnsveitna ríkisins nam rúmlega 995 GWst á árinu 2000. Smásala raforku nam 692 GWst, heildsala raforku 304 GWst og sala á heitu vatni 46 GWst.

Fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins er traust og nam eigið fé fyrirtækisins í árslok 2000 rúmlega 10,7 milljörðum kr. Árið 2000 var veltan 5.070,9 millj. kr. Rekstrargjöld vegna orkukaupa námu 2.734 millj. kr. en almenn rekstrargjöld 1.332 millj. kr. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 1.005 millj. kr. Handbært fé frá rekstri var 845 millj. kr. og fjárfestingahreyfingar námu 845 millj. kr. Rekstrarhalli nam 210 millj. kr. eftir að afskrifaðar höfðu verið um 959 millj. kr.

Sveitakerfin sem fjármögnuð voru af ríkissjóði eru talin með í afskriftagrunni fyrirtækisins þannig að rekstrarreikningurinn endurspeglar tekjubörf vegna endurnýjunar þessara kerfa. Styrking og endurnýjun hefur hin síðari ár eingöngu verið fjármögnuð af sölutekjum fyrirtækisins og hefur það valdið viðvarandi hallarekstri og hærri gjaldskrá en hjá öðrum rafveitum. Ef fjármögnun þessa félagslega þáttar í starfsemi Rafmagnsveitnanna er leyst hefur hið nýja hlutafélag öflugan fjárhagslegan grunn og góðar horfur eru á að unnt sé að skila nauðsynlegu fé úr rekstri til áframhaldandi uppbyggingar fyrirtækisins og viðunandi arðsemi.

Röksemdirnar fyrir því að stofna hlutfélag um Rafmagnsveitur ríkisins eru margvíslegar:

1. Meginröksemdin er sú að hlutfélagsformið er mun hentugra rekstrarform fyrir rekstur sem þennan en það rekstrarform sem nú er notast við, jafnvel þó að ríkissjóður sé einn eigandi að hlutfélaginu. Verður í þessu sambandi að hafa í huga að hlutfélagsformið er mjög fastmótað og þrautreynt. Í löggjöf sem um það hefur verið sett er vel skilgreind verkaskipting milli hluthafa- og aðalfunda (þ.e. eigenda), stjórnar og framkvæmdastjórnar. Þá eru reglur um endurskoðun og ársreikningsgerð, bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning, mjög fastmótaðar og skýrar.
2. Ábyrgð ríkissjóðs á rekstri fyrirtækisins takmarkast við hlutfjáreign og ábyrgð stjórnenda eykst.
3. Með því að reka Rafmagnsveiturnar í hlutfélagsformi verður reksturinn sveigjanlegri. Fjárfestingar og nýjungar í rekstri verða auðveldari í framkvæmd og fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sem hlutfélags stuðlar að aukinni hagræðingu og hagkvæmni í rekstri.
4. Vilji ríkissjóður ekki leggja fram aukið hlutfé til að halda eiginfjárlutfallinu í horfinu þegar kemur til þess að fjármagna þarf nýja fjárfestingu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutfé. Með því móti verður komist hjá því að ríkissjóður taki í sífellu á sig skuldbindingar, t.d. í formi ríkisábyrgðar, er fyrirtæki í eigu hans þurfa að ráðast í framkvæmdir.
5. Með því að breyta rekstrarformi Rafmagnsveitna ríkisins, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er jafnframt opnað fyrir þann möguleika að aðrar orkuveitur geti gengið inn í hlutfélagið og orðið hluthafar í því. Með því gæti náðst aukin hagræðing í orkudreifingu. Í hlutfélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Ef ríkið gengur til samstarfs við aðra aðila um atvinnurekstur er hlutfélagsformið því sérstaklega viðeigandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um heimild ríkisstjórnarinnar til að standa að stofnun hlutfélags um Rafmagnsveitur ríkisins. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um önnur atriði en nauðsynlegt er vegna stofnunar félagsins en gert er ráð fyrir að almenn lög um skipulag raforkumála og hlutfélög taki til þess, nema annað leiði af ákvæðum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra annist undirbúning að stofnun hlutfélagsins í samráði við fjármálaráðherra.

Um 2. gr.

Í greininni eru nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutfélagalaga, m.a. með tilliti til þess að ríkissjóður er eini stofnandi og hluthafi félagsins í upphafi. Að öðru leyti en fram kemur í greininni skulu ákvæði hlutfjárlaga gilda um hlutfélagið.

Um 3. gr.

Öll hlutabréf félagsins verða í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess. Skv. 29. gr. laga nr. 8/1997, um fjárreiður ríkisins, skulu ríkisaðilar í A-hluta hverju sinni afla heimildar í lögum, m.a. til að selja eignarhluti í félögum. Af þessum sökum getur ekki komið til sölu á hlutum ríkisins í hlutfélaginu nema með sérstakri heimild Alþingis.

Um 4. gr.

Í greininni er megintilgangur hlutafélagsins skilgreindur. Samkvæmt henni er það tilgangur félagsins að framleiða, flytja, dreifa og selja raforku og varmaorku. Hlutverk félagsins tekur til alls orkuviðnaðar, hvort heldur orkugjafinn er vatnsafl, jarðvarmi, olía eða annað.

Jafnframt er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi krefjist aðstæður þess. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni. Sérstaklega er kveðið á um heimild félagsins til að gerast eignaraðili í öðrum félögum og fyrirtækjum.

Tekið skal fram að ákvæði greinarinnar undanþiggja ekki hið nýja félag frá lögum og reglum um opinber innkaup sem gilda um starfsemi þess eftir því sem við á.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að hlutafélagið taki yfir einkarétt þann sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa til starfrækslu hita- og/eða rafveitu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna. Fær félagið að þessu leyti sömu stöðu og Rafmagnsveiturnar hafa nú.

Í 2. mgr. er sérstaklega áréttað að virkjanir og virkjunarréttur Rafmagnsveitna ríkisins færast yfir til hlutafélagsins og að það hafi jafnframt sömu skyldur vegna virkjana og Rafmagnsveiturnar hafi haft.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að stjórn hlutafélagsins skuli setja gjaldskrá fyrir félagið og lagt til að við gerð gjaldskrár skuli gætt almennra arðsemissjónarmiða.

Gildistaka gjaldskrár er háð samþykki iðnaðarráðherra og birtingu í Stjórnartíðindum. Sambærilegt ákvæði er að finna í í lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja nr. 10/2001 og lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001.

Breytingar kunna að verða á þessu fyrirkomulagi þegar nýtt skipulag raforkumála öðlast gildi.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagið haldi á hverju ári ársfund þar sem fulltrúum orkukaupenda er gefin kostur á því að ræða við forsvarsmenn fyrirtækisins þau mál sem varða þjónustu við orkukaupendur, markaðsmál og önnur mál sem varða samskipti fyrirtækisins við orkukaupendur. Er fundur af þessu tagi tvímælalaust til þess fallinn að auðvelda og bæta samskiptin milli hlutafélagsins og orkukaupenda og gefur fulltrúum orkukaupenda tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Um 8. gr.

Í 80. gr. orkulaga, nr. 58/1967, eru Rafmagnsveitur ríkisins undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Í frumvarpsgreininni er lagt til að skattaleg staða haldist óbreytt þrátt fyrir breytt rekstrarform.

Á næstunni munu verða breytingar á skipulagi raforkumála. Í tengslum við þær breytingar verður skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Hugsanlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Ákvæðinu er ætlað að standa þar til hún hefur farið fram.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að við niðurlagningu stofnunarinnar Rafmagnsveitna ríkisins fari um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir almennum ákvæðum laga þar að lútandi. Í því felst m.a. að engum starfsmanni verður sagt upp vegna yfirtöku hlutafélagsins á starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. Starfsmenn sem falla undir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996 fyrirgera ekki rétti sínum til biðlauna þótt þeir hafni boði um að starfa áfram hjá félaginu. Rétt er þó að taka fram að hvers konar launatekjur á biðlaunátíma koma til frádráttar biðlaunagreiðslum.

Síðari málsgrein greinarinnar gerir ráð fyrir að starfsmaður hjá félaginu sé eins settur gagnvart töku lífeyris eins og hann starfaði áfram hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þó þannig að ef hann hefur notið stöðuhækkunar eftir að hann réðst til starfa hjá félaginu hafi sú hækkun ekki áhrif til hækkunar vegna réttinda sem starfsmaður hafði áunnið sér hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Um 10. gr.

Lagt er til að sett verði tímamörk um stofnun félagsins og er miðað við að stofnfundur skuli haldinn eigi síðar en 1. september 2002. Á stofnfundi skal leggja fram til afgreiðslu drög að stofnsamningi og samþykktum eins og skylt er við stofnun hlutafélaga. Þá skal félaginu jafnframt kosin stjórn samkvæmt samþykktum þess til fyrsta aðalfundar.

Um 11. gr

Í frumvarpinu er lagt til að hlutafélagið yfirtaki Rafmagnsveitur ríkisins eigi síðar en 1. janúar 2003. Félagið yfirtekur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitna ríkisins. Jafnframt fellur umboð stjórnar Rafmagnsveitnanna niður frá og með sama degi.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stofna skuli hlutafélagið RARIK á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. september 2002. Í 13. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að hlutafélagið taki til starfa eigi síðar en 1. janúar 2003 og yfirtaki þá allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Rafmagnsveitnanna. Þetta er gert svo að ráðrúm gefist til að ganga frá ráðningu framkvæmdastjóra og starfsmanna hlutafélagsins áður en það tekur við rekstri Rafmagnsveitnanna. Í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að kosin sé stjórn á stofnfundi félagsins og að hún starfi þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að félagið tekur til starfa. Í ákvæðinu er lagt til að stjórninni verði falið að undirbúa yfirtöku á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins með ráðningu framkvæmdastjóra og starfsfólks og annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að hlutafélagið geti sinnt hlutverki sínu.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að fela ríkisstjórninni að stofna hlutafélag sem taki við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldir núverandi fyrirtækja renni til hins nýja hlutafélags, RARIK hf. Þar á meðal eru taldar lífeyrisskuldbindingar sem verði greiddar LSR með skuldabréfi. Skv. 11. gr. frumvarpsins verður allur kostnaður af stofnun hlutafélagsins og yfirtöku á öðrum rekstri greiddur af félaginu, þar með taldar hugsanlegar biðlaunagreiðslur. Einnig mun RARIK hf. taka við einkarétti Rafmagnssveitna ríkisins til starfrækslu hita- og rafveitna á orkusvæði Rafmagnsveitnanna. Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 við yfirtöku lána skulu Rafmagnsveitur ríkisins greiða arð í ríkissjóð, sem nemur tveimur hundraðshlutum af bókfærðu eigin fé við næstliðin áramót. Vegna þessa ákvæðis mun arðgreiðsla, til ríkissjóðs nema 214 m.kr. árið 2002. Samkvæmt framangreindum samningi endurgreiðir ríkissjóður Rafmagnsveitum ríkisins 139 m.kr. eða 65% til endurnýjunar og styrkingar rafdreifikerfis til veitna og 5% eða 11 m.kr. til rannsókn- og þróunarverkefna. Skv. 10. gr. frumvarpsins verður RARIK hf. undanþegið tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. RARIK hefur verið rekið með tapi undanfarin ár og hefur því tvisvar á sl. fimmtán árum verið mætt með yfirtöku ríkissjóðs á hlut af skuldum fyrirtækisins. Í sjóðstreymisáætlun er gert ráð fyrir að taka þurfi 480 m.kr. rekstrarlán árið 2002 og 415 m.kr. lán árið 2003 vegna tapreksturs fyrirtækisins. Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til raforkulaga verði lagt til að tapi vegna óarðbærs reksturs verði mætt með sérstöku gjaldi á raforkuvinnslu til almenningsnota. Samkvæmt sjóðstreymisáætlunum RARIK er gert ráð fyrir 500 m.kr. rekrarframlagi úr ríkissjóði frá og með árinu 2003, sem komi af væntanlegu gjaldi á orkuvinnslu. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að í tengslum við breytingar á skipulagi raforkumála verði skattaleg staða raforkufyrirtækja tekin til skoðunar. Huganlegt er að þessi skoðun leiði til breytinga á því skattalega fyrirkomulagi sem nú er. Einnig er gert ráð fyrir að í ljósi nýs skipulags raforkumála og nýs rekstrarforms verði hafin endurskoðun á formi arðgreiðslna til ríkisins. Hugsanlegt er að þessi athugun leiði til breytinga á núverandi fyrirkomulagi. Samkvæmt rekstraruppgjöri RARIKs fyrir árið 2001 eru langtímaskuldir fyrirtækisins rúmlega 3,2 milljarðar kr.; annars vegar skuldabréf vegna lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð rúmlega 1,5 milljarðar kr. og hins vegar sjö lán hjá NIB að fjárhæð tæplega 1,7 milljarðar kr. sem voru tekin með ríkisábyrgð. Til stendur að taka 780 m.kr. langtímalán sem mun einnig vera með ríkisábyrgð. Allar nýjar skuldbindingar munu alfarið verða á ábyrgð RARIK hf.